

Alþingi
Erindi nr. **p** 135/1927
komudagur 28.3.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi samgöngunefnd
b.t. Elínar Valdísar Þorsteinsdóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. mars 2008

0803095SA JF/
Tilv.: 091

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á sveitarstjórnarlögum, 64. mál

Frumvarpið barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með bréfi samgöngunefndar dags. 4. mars 2008. Í frumvarpinu er lagt til að framboðsaðili sem kjörinn er bundinni hlutfallskosningu og á fulltrúa í sveitarstjórn geti ákveðið að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í öllum nefndum og ráðum sveitarfélagsins, eigi hann ekki kjörinn fulltrúa í viðkomandi nefnd eða ráði.

Sambandið íslenskra sveitarfélaga telur rétt að beðið verði með breytingar á ákvæðum sveitarstjórnarlaga um áheyrnarfulltrúa þar til heildarendurskoðun laganna fer fram. Að öðrum kosti leggur sambandið áherslu á að efni frumvarpsins verði sett fram sem heimildarákvæði og það komi í hlut sveitarstjórnar að ákveða hvort þessar heimildir verði nýttar.

Um 1. gr.


Í frumvarpsgreininni er kveðið á um skyldu sveitarstjórnar til þess að heimila framboðsaðila, sem kjörinn er bundinni hlutfallskosningu og á fulltrúa í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til að sitja fundi ráðsins.

Samkvæmt 5. mgr. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 er sveitarstjórn heimilt að ákveða að framboðslisti, sem á fulltrúa í sveitarstjórn en hefur ekki náð kjöri í byggðarráð, geti tilnefnt áheyrnarfulltrúa í byggðarráð. Áheyrnarfulltrúar þessir hafa málfrelsi og tillögurétt, þ.á.m. rétt til að láta bóka afstöðu sína í fundargerð byggðarráðs. Þrátt fyrir að ekki sé kveðið á um það í ákvæðinu er litið svo á að framboðslista sé heimilt að tilnefna varamann Sveitarstjórn er þó skylt að heimila framboðslista að tilnefna áheyrnarfulltrúa þegar sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfa.

Sveitarstjórn er því samkvæmt núgildandi lögum í sjálfsvald sett hvort hún heimili framboðslista að tilnefna áheyrnarfulltrúa í byggðarráð. Ekki hafa verið teljandi vandræði við beitingu ákvæðisins og telur Samband íslenskra sveitarfélaga því ekki ástæðu til að breyta því fyrirkomulagi sem nú gildir.

Um 2. gr.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að sveitarstjórn sem kosin er bundinni hlutfallskosningu sé skylt að heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi hefur náð kjöri í nefndir og ráð að tilnefna áheyrnarfulltrúa til að sitja fundi þeirra með málfrelsi og tillögurétt. Í



núgildandi lögum er ekki að finna sambærilega heimild. Líkt og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu hefur Reykjavíkurborg þó ákveðið í samþykktum sínum að framboðslista, sem á fulltrúa í borgarstjórn, sé heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs eða fagráða, með málfrelsi og tillögurétt, enda eigi hann ekki fulltrúa í viðkomandi ráði.

Að áliti sambandsins gengur ákvæði frumvarpsins of langt og er því lagt til að um heimild verði að ræða. Þannig verð skýrt kveðið á um í sveitarstjórnarlögum að sveitarstjórn geti heimilað framboðslista, við fyrrgreindar aðstæður, að tilnefna áheyrnarfulltrúa í tiltekin ráð eða nefndir. Sambandið leggur því til að í stað orðanna „skal heimila“ í 1. másl. 2. gr. komi „getur heimilað“

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögræðisviðs